



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Reykjavík, 18. janúar 2021
VEL2020050002

Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Tillaga starfshóps um endurskoðun átaksverkefna velferðarsviðs.

Á fundi velferðarráðs þann 16. desember 2020 var samþykkt meðfylgjandi tillaga starfshóps um þróun virkniúrræða velferðarsviðs, þ.m.t. tillaga um samstarf við Hugarafli um endurhæfingarúrræði fyrir einstaklinga sem eru óvinnufærir og hafa verið á fjárhagsaðstoð í lengri tíma.

Í samræmi við niðurlag tillögunnar um að kostnaði varðandi frekari þróun virkniúrræða verði vísað til sérstakrar afgreiðslu borgarráðs í tengslum við vinnumarkaðsaðgerðir Reykjavíkurborgar er hér með óskað eftir heimild frá borgarráði til að nýta allt að 26 milljónir króna árlega af bundnum lið fjárhagsaðstoðar til endurhæfingarverkefnis í samstarfi við Hugarafli. Um verði að ræða verkefni til tveggja ára þar sem allt að 20 einstaklingar taka þátt á ári.

Samþykktin er hér með send borgarráði.

Virðingarfyllst

Regína Ásvaldsdóttir
sviðsstjóri

Hjálagt:

Tillaga starfshóps um endurskoðun átaksverkefna velferðarsviðs um virkniús og verkefnastjórn virkniúrræða lögð fram á fundi velferðarráðs þann 16. desember 2020, ásamt fylgiskjöllum.

Reykjavík, 18. janúar 2021
VEL2020050002

Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Samþykkt velferðarráðs um endurskoðun áttaksverkefna velferðarsviðs og samning við Hugarafli um endurhæfingarúrræði

Á fundi velferðarráðs þann 16. desember sl. samþykkti velferðarráð svohljóðandi tillögu:

Velferðarráð samþykkir að fela velferðarsviði að undirbúa stofnun Virkniúss sem heldur utan um virkniúrræði á vegum sviðsins, þ.e. Kvennasmiðju, Karlasmíðju, Grettistak, Tinnu, IPS og Bataskólann. Virkniúsið hafi enn fremur yfirsýn yfir úrræði á vegum félagasamtaka eða þriðja geirans, s.s. Fjölsmiðjuna, Hugarafli og fleiri slík úrræði og haldi utan um tengsl og samninga við viðkomandi starfseiningar. Auk ráðningar teymisstjóra Virkniúss verði gert ráð fyrir stöðugildum iðjuþjálfra og sálfræðings í húsinu. Enn fremur er lagt til að skipuð verði ein verkefnastjórn fyrir áttaksverkefnin sem hafi það hlutverk að hafa yfirsýn yfir starfseminna, sjái um inntöku í úrræðin og áframhaldandi þróun og skipulagningu þeirra. Virkniúsið heyri undir skrifstofu ráðgjafarþjónustu á undirbúningstímanum og í fyrsta fasa breytinga en framtíðarstaðsetning í skipuriti verði ákveðin samhliða breytingum á skipuriti velferðarsviðs í samræmi við mótun velferðarstefnu. Jafnframt verði velferðarsviði falið að semja við Hugarafli um sérstök virkniúrræði fyrir einstaklinga sem hafa verið lengi á fjárhagsaðstoð og þurfa frekari stuðning.

Kostnaður við ráðningu teymisstjóra rúmast innan fjárhagsramma velferðarsviðs árið 2021 en kostnaði varðandi frekari þróun virkniúrræða, s.s. samningi við Hugarafli verði vísað til sérstakrar afgreiðslu borgarráðs í tengslum við vinnumarkaðsaðgerðir Reykjavíkurborgar.

Greinargerð fylgir.
Samþykkt.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Með sameiginlegri verkefnastjórn fyrir átaksverkefni er hægt að auka yfirsýn, samræma inntökuferli og þróa úrræðin áfram notendum til hagsbóta. Með virknihúsi má auka samstarf milli þeirra sem sinna endurhæfingu fyrir þennan hóp og auka yfirsýn yfir endurhæfingarúrræði sviðsins. Með því að koma á fót úrræðabanka má minnka flækjustig, einfalda utanumhald og gefa notendum tækifæri á meiri sveigjanleika í vali á úrræðum og bæta eftirfylgd.

Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Markmiðið tillögunnar er að halda utan um virkniúrræði á vegum sviðsins og stytta boðleiðir milli virkniúrræða. Að veita einstaklingum á fjárhagsaðstoð kost á vinnu og virkni er gríðarlega mikilvægt skref í að hjálpa fólki aftur út í lífið. Hægt er að spara miklar fjárhæðir og auka lífsgæði einstaklinga með því að vinna markvissa vinnu í þessum efnum. Mikilvægt er að marka stefnu í því að hjálpa einstaklingum út úr félagslega kerfinu á kerfisbundinn hátt, með það að leiðarljósi að einstaklingar standi á eigin fótum og séu ekki háðir kerfinu til frambúðar.

Fulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Talað er um „hús“, virknihús, sem er villandi ef þetta er hvorki „hús“ né deild eða eining. Þetta er samt meira en teymi? Ef þessar tillögur draga úr flækjustigi kerfisins, hagræða, einfalda og flýta fyrir afgreiðslu þá er það gott. Eins og þetta er kynnt virkar þetta ekki mjög skýrt. Gott væri að með fylgdi dæmi um t.d. hvernig þessi útfærsla snýr að einstaklingnum. Ráða á teymisstjóra og fleiri í kjölfarið. Fulltrúi Flokks fólksins óttast kostnað vegna yfirbyggingar sem oft á það til að ofvaxa. Fulltrúi Flokks fólksins veltir fyrir sér hvort komið sé enn eitt kerfið, við hlið Keðjunnar? Hvernig á þetta að spila saman því ekki á „virknihúsið“ að heyra undir Keðjuna heldur skrifstofu ráðgjafarþjónustu alla vega í fyrstu en ekki er ljóst í framhaldinu hvað það verður í skipuriti. Hefði ekki verið einfaldara að fela einhverjum tveimur starfsmönnum velferðarsviðs að sinna þessari samþættingu frekar en að setja á laggirnar enn eina nýja yfirbyggingu? En það er fulltrúa Flokks fólksins að meinalausu að styðja þessa tillögu í þeirri von að hún leiði til gagns og einföldunar fyrir notendur.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi gagnbókun:

Um er að ræða einföldun á yfirbyggingu og betri nýtingu úrræða, eins skal taka fram að Keðjan snýr að börnum en virknihús að fullorðnum og ekki er því um hliðstæða þjónustu að ræða. Virknihús er vinnuheiti og gæti tekið breytingum, en því ber að halda til haga að alvanalegt er bæði í íslensku viðskiptalífi og stjórnsýslu að nota heiti á borð við „hús“ eða „stofa“ eða „miðstöð“ í nafngiftum, jafnvel þó þau orð séu ekki bókstaflega lýsandi fyrir aðstöðuna.

Samþykktin er hér með send borgarráði. Í samræmi við niðurlag tillögunnar um að kostnaði varðandi frekari þróun virkniúrræða verði vísað til sérstakrar afgreiðslu borgarráðs í tengslum

við vinnumarkaðsaðgerðir Reykjavíkurborgar er hér með óskað eftir heimild frá borgarráði til að nýta allt að 26 milljónir króna árlega af bundnum lið fjárhagsaðstoðar til endurhæfingarverkefnis í samstarfi við Hugarafli. Um verði að ræða verkefni til tveggja ára þar sem allt að 20 einstaklingar taka þátt á ári.

Virðingarfyllst



Regína Ásvaldsdóttir
sviðsstjóri

Fylgiskjöl:

Tillaga starfshóps um endurskoðun átaksverkefna velferðarsviðs um virkniús og verkefnastjórn virkniúrræða lögð fram á fundi velferðarráðs þann 16. desember 2020.

Fylgiskjal 1 - Tillögur starfshóps um endurskoðun átaksverkefna á vegum velferðarsviðs Reykjavíkurborgar.

Fylgiskjal 2 - Jafnréttisskimun vegna breytinga á skipulagi átaksverkefna.

Fylgiskjal 3 - Niðurstöður könnunar teymis árangurs og gæðamats um upplifun þátttakenda.

Fylgiskjal 4 - Niðurstöður könnunar teymis árangurs og gæðamats meðal starfsmanna átaksverkefna velferðarsviðs.

Fylgiskjal 5 – Samantekt starfshóps um endurskoðun átaksverkefna 2016.



Tillaga

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Starfshópur um endurskoðun átaksverkefna

Efni tillögu: Virkniús og verkefnastjórn virkniúrræða

Velferðarráð samþykkir að fela velferðarsviði að undirbúa stofnun Virkniúss sem heldur utan um virkniúrræði á vegum sviðsins, þ.e. Kvennasmiðju, Karlasmíðju, Grettistak, Tinnu, IPS og Bataskólann. Virkniúsið hafi enn fremur yfirsýn yfir úrræði á vegum félagasamtaka eða þriðja geirans, s.s. Fjölsmiðjuna, Hugarafi og fleiri slík úrræði og haldi utan um tengsl og samninga við viðkomandi starfseiningar. Auk ráðningar teymisstjóra Virkniúss verði gert ráð fyrir stöðugildum iðjubjálfa og sálfræðings í húsinu. Enn fremur er lagt til að skipuð verði ein verkefnastjórn fyrir átaksverkefnin sem hafi það hlutverk að hafa yfirsýn yfir starfsemina, sjái um inntöku í úrræðin og áframhaldandi þróun og skipulagningu þeirra. Virkniúsið heyri undir skrifstofu ráðgjafarþjónustu á undirbúningstímanum og í fyrsta fasa breytinga en framtíðarstaðsetning í skipuriti verði ákveðin samhliða breytingum á skipuriti velferðarsviðs í samræmi við mótun velferðarstefnu. Jafnframt verði velferðarsviði falið að semja við Hugarafi um sérstök virkniúrræði fyrir einstaklinga sem hafa verið lengi á fjárhagsaðstoð og þurfa frekari stuðning.

Kostnaður við ráðningu teymisstjóra rúmast innan fjárhagsramma velferðarsviðs árið 2021 en kostnaði varðandi frekari þróun virkniúrræða, s.s. samningi við Hugarafi verði vísað til sérstakrar afgreiðslu borgarráðs í tengslum við vinnumarkaðsaðgerðir Reykjavíkurborgar.

Greinargerð:

Starfshópur um endurskoðun átaksverkefna á vegum velferðarsviðs hefur lagt fram tillögu sína sem fram koma í fylgiskjali 1. Að baki tillögunum er litið til notendakönnunar sem starfshópurinn lét framkvæma af hálfu teymis árangurs og

gæðamats hjá velferðarsviði auk starfsmannakönnunar ásamt því að starfshópurinn fékk á fundi til sín m.a. fulltrúa frá Hugarafli og Bataskólanum.

Markmið endurskoðunar var að fá yfirsýn yfir bæði markhópa og umgjörðina í kringum ólík verkefni með það í huga að ná fram samstarfi og samnýtingu í rekstri. Með átaksverkefnum er átt við Grettistak, Kvennasmiðju, Karlasmíðju, TINNU og IPS (Individual Placement and Support). Hópurinn leggur auk þess til að skoða þurfi samlegðaráhrif við Bataskólann og önnur verkefni utan velferðarsviðs með tilliti til samstarfs.

Starfshópurinn telur að með því að skipuleggja úrræðin sem eina einingu (úrræðabanki eða virkniús) megi minnka flækjustig, einfalda utanumhald og ekki síst skapa notendum tækifæri á fjölbreyttara og sveigjanlegra vali á úrræðum og bæta enn frekar eftirfylgd. Í dag hefur hvert verkefni sína verkefnastjórn og ekkert samstarf er á milli úrræða eða verkefnastjórna.

Gert er ráð fyrir að teymisstjóri leiði verkefnið og verður stöðugildi ráðgjafa sem nú er staðsett hjá Vinnumálastofnun nýtt til að standa straum af þeirri stöðu. Í dag eru alls 7,9 stöðugildi sem sinna átaksverkefnunum auk 1,4 stöðugildis í Bataskólanum. Vonast er til að samræming og samlegðaráhrif leiði til betri nýtingar úrræðanna

Fylgiskjöl:

Tillögur starfshóps um endurskoðun átaksverkefna, dags. 14. desember 2020, ásamt fylgiskjölum
Jafnréttisskimun.

Tillögur starfshóps um endurskoðun átaksverkefna á vegum velferðarsviðs Reykjavíkurborgar

I. Markmið og tilgangur.

Með erindisbréfi 26. júní 2020 skipaði sviðsstjóri velferðarsviðs starfshóp til að endurskoða átaksverkefni á vegum velferðarsviðs Reykjavíkurborgar. Í erindisbréfi segir nánar um markmið og tilgang verkefnisins:

„Átaksverkefni á vegum velferðarsviðs hafa verið starfrækt nær samfelld frá 2001, með ýmsum breytingum og þróun í takt við breytingar í þjóðfélaginu. Um er að ræða verkefnin Grettistak, Karla- og Kvennasmiðju. Markhópur verkefnanna eru notendur með langvarandi félagslega erfiðleika, sem hafa verið utan vinnumarkaðar í lengri tíma og eru með brotna eða litla skólagöngu. Nokkur áherslumunur er þó á eðli og framkvæmd verkefnanna. Auk ofangreindra verkefna eru rekin önnur verkefni á vegum sviðsins, sem veita sama markhóp þjónustu og hafa starfað í skemmri tíma s.s. Tinna, Bataskólinn, IPS og sértæk virkniverkefni innan þjónustumiðstöðva.

Markmið með endurskoðun á átaksverkefnum er að meta á heildstæðan hátt árangur af verkefnunum og fá yfirsýn yfir bæði markhópa og umgjörðina í kringum ólík verkefni með það í huga að ná fram samstarfi og samnýtingu í rekstri. Hlutverk starfshópsins er að leggja fram tillögur að samþættingu/samnýtingu átaksverkefna velferðarsviðs auk Tinnu, IPS og Bataskólans. Byggja þarf á styrkleikum hvers úrræðis með það að markmiði að þau nýtist fjölbreyttum hópi notenda. Einnig er mikilvægt að skoða tengsl við önnur verkefni utan velferðarsviðs með tilliti til samstarfs.

Átaksverkefnin gegna veigamiklu hlutverki í þeim þjóðfélagsbreytingum sem við stöndum frammi fyrir núna, með auknu atvinnuleysi og því mikilvægt að hægt sé að aðlaga þjónustuna að fjölbreyttum hópi með tiltölulega stuttum fyrirvara“.

Verkefni hópsins voru eftirfarandi:

- Vinna að þarfagreiningu og skilgreina markhópa.
- Setja fram mögulegar sviðsmyndir að samþættingu verkefnanna m.t.t. markhóps, virkni- og endurhæfingaleiða, tímalengdar og starfsmannafjölda. Huga skal að því að möguleikar á breyttu fyrirkomulagi skili sér í auknum gæðum, árangri, sveigjanleika, og nýtingu úrræðanna.
- Vinna kostnaðaráætlanir á grundvelli mismunandi sviðsmynda.
- Kynna sér fyrirbyggjandi gögn um verkefnin, m.a. ársskýrslur, rannsóknir, úttektir og notendakannanir.

- Afla upplýsinga um sambærileg innlend og erlend verkefni.

Starfshópurinn skipaðu:

Heiða Björg Hilmsdóttir, formaður velferðarráðs, formaður hópsins

Elín Oddný Sigurðardóttir, fulltrúi velferðarráðs

Sanna Magdalena Mörtudóttir, fulltrúi velferðarráðs

Guðrún Jóhanna Hallgrímsdóttir, verkefnastjóri á Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts

Bjarni Kristinn Gunnarsson, sálfræðingur á Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða

Þóra Kemp, deildarstjóri, skrifstofu velferðarsviðs

Verkefnisstjóri hópsins var Arnar Snæberg Jónsson, verkefnastjóri á skrifstofu velferðarsviðs, en Randver Kári Randversson, sérfræðingur á skrifstofu sviðsstjóra tók við hluta af starfsskyldum hans í byrjun september.

Starfshópurinn var upphaflega skipaður til 30. september 2020 en skipunartími var síðar framlengdur til 30. nóvember 2020. Alls hittist hópurinn 11 sinnum á tímabilinu og fékk á fund til sín eftirtalda aðila:

Auður Björgvinsdóttir frá mannauðs- og starfsumhverfissviði Reykjavíkurborgar

Hrafnhildur Tómasdóttir frá Vinnumálastofnun

Guðlaug Pétursdóttir frá Vinnumálastofnun

Elín Sigríður Gunnsteinsdóttir frá teymi árangurs- og gæðamats

Ólafía Dögg Ásgeirsdóttir frá teymi árangurs- og gæðamats

Auður Axelsdóttir frá Hugarafli

Dagur Jóhannsson frá Bataskólanum

Í störfum sínum hafði starfshópurinn jafnframt til hliðsjónar samantekt og tillögur starfshóps sem var skipaður í september 2016 til að endurskoða átaksverkefni á velferðarsviði.

II. Átaksverkefni á velferðarsviði

Grettistak. Er fyrir einstaklinga 18 ára og eldri sem hafa glímt við fíknivanda og lokið meðferð og hafa vilja og löngun til að lifa án vímuefna. Markmið Grettistaks er að styðja þátttakendur með langvarandi félagslegan vanda vegna vímuefnaneyslu til sjálfshjálpar og til aukinnar færni á vinnumarkaði og/eða til náms. Um er að ræða 18 mánaða endurhæfingarferli.

Karlasmiðja. Er fyrir karla á aldrinum 25 – 55 ára sem vilja bæta lífsgæði sín með þátttöku í námi, hópastarfi, einstaklingsvinnu og starfskynningum. Markmiðið með Karlasmiðju er að veita einstaklingum sem hafa litla eða brotna skólagöngu og hafa ekki verið á vinnumarkaði um nokkurt skeið tækifæri til að bæta menntun sína og öðlast getu og færni til að komast út á vinnumarkað að nýju og/eða í nám. Um er að ræða 18 mánaða endurhæfingarferli.

Kvennasmiðja. Er fyrir mæður á aldrinum 25-45 ára sem eru með börn á framfæri. Markmið úrræðisins er að bæta lífsgæði og félagslega stöðu þátttakenda með því að veita þeim sem ekki hafa verið á vinnumarkaði um nokkurt skeið, hafa verið félagslega einangraðar með litla eða brotna skólagöngu tækifæri til að bæta menntun sína og öðlast getu og færni til að fara út á vinnumarkað og/eða í nám. Um er að ræða 18 mánaða endurhæfingarferli.

IPS (Individual Placement and Support). Um er að ræða starfsendurhæfingarúrræði með stoðir í gagnreyndar aðferðir. Hugmyndafræði IPS byggir á því að atvinnuráðgjafi vinnur að því að aðstoða einstaklinga sem vilja vinna að finna atvinnu við hæfi og veita viðkomandi og vinnuveitanda stuðning í kjölfarið. Markmiðið er að fleiri notendur fjárhagsaðstoðar komist í vinnu, að meiri samfella skapist í þjónustunni og að vinnuheldni aukist. Um er að ræða tilraunaverkefni til 1. nóvember 2021.

Bataskólinn. Samstarfsverkefni milli Reykjavíkurborgar, Geðhjálpar og fleiri aðila. Fyrir einstaklinga sem eru eldri en 18 ára sem glímt hafa við geðrænar áskoranir og aðstandendur. Kennend eru fjölbreytileg námskeið sem eru samin af og flutt af fólki með mismunandi bakgrunn sem á það sameiginlegt að hafa brennandi áhuga á námsefninu.

TINNA. Úrræði fyrir einstæða foreldra á aldrinum 18-30 ára. Um er að ræða markvissa vinnu með fjölskyldum, bæði foreldrum og börnum. Meginmarkmið með TINNU er að styðja foreldra til sjálfshjálpar og bjóða upp á heildstæða þjónustu sem stuðlar að bættum lífsgæðum fjölskyldnanna.

III. Vinna og tillögur starfshópsins

Að baki tillögunum er litið til notendakönnunar sem starfshópurinn lét framkvæma af deild árangurs og gæðamats ásamt því að starfshópurinn fékk á fundi til sín m.a. fulltrúa frá Hugarafli og Bataskólanum.

Í töflu 1 má sjá fjölda einstaklinga eftir aldri og ríkisfangi sem fengu fjárhagsaðstoð til framfærslu í október 2020 og hafa fengið fjárhagsaðstoð samfleytt í 6 mánuði eða lengur.

Tafla 1: Skipting eftir aldri og ríkisfangi

Aldur	Ríkisfang		
	Erlent	Íslenskt	Samtals
18-19 ára	0	8	8
20-24 ára	21	48	69
25-29 ára	38	93	131
30-39 ára	80	136	216
40-49 ára	50	91	141
50-55 ára	15	23	38
Samtals	204	399	603

Af þeim 204 einstaklingum sem eru með erlent ríkisfang er um að ræða 130 karla og 74 konur. Þeir sem eru með íslenskt ríkisfang eru 399, þar af eru 273 karlar og 126 konur.

Tafla 2 sýnir skiptingu einstaklinga eftir fjölskyldugerð og ríkisfangi sem fengu fjárhagsaðstoð til framfærslu í október 2020 og hafa fengið fjárhagsaðstoð samfleytt í 6 mánuði eða lengur.

Tafla 2: Skipting eftir fjölskyldugerð og ríkisfangi

Fjölskyldugerð	Ríkisfang		
	Erlent	Íslenskt	Samtals
Einhleypur karl	100	266	366
Einhleyp kona	25	76	101
Einstæður faðir	3	3	6
Einstæð móðir	38	47	85
Hjón/sambýlisfólk barnlaus	6	4	10
Hjón/sambýlisfólk með börn	32	3	35
Samtals	204	399	603

Í töflu 3 má sjá skiptingu þessa hóps eftir atvinnustöðu.

Tafla 3: Skipting eftir atvinnustöðu og ríkisfangi

Atvinnustaða	Ríkisfang		
	Erlent	Íslenskt	Samtals
Atvinnulaus án bótaréttar	166	118	284
Óvinnufær	38	281	319
Samtals	204	399	603

Ofangreindar töflur gefa vísbendingar um hvaða hópa þarf að leggja áherslu á þegar kemur að endurskipulagningu og áframhaldandi þróun átaksúrræða velferðarsviðs. Það þarf að auka þátttöku og virkni einstaklinga sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu óháð kyni og aldri, fyrir fólki á öllum aldri og huga þarf sérstaklega að þeim sem eru með erlent ríkisfang.

Tafla 4 sýnir fjölda þeirra sem fengu fjárhagsaðstoð í 6 mánuði eða meira árið 2019/og eða tóku þátt í átaksverkefnunum Karla- Kvennasmiðju, Grettistaki og TINNU. Með framlögðum tillögum er þess vænst að tryggja megi aukið aðgengi þeirra sem hafa fengið fjárhagsaðstoð til framfærslu til lengri tíma en 3ja mánaða að öflugum og fjölbreyttum endurhæfingarúrræðum velferðarsviðs.

Tafla 4: Fjárhagsaðstoð í 6 mánuði eða meira árið 2019 og/eða þátttaka í átaksverkefnunum Karla- Kvennasmiðju, Grettistaki og TINNU

	Þátttaka í átaksverkefnum			Hlutfall sem tekur þátt í átaksverkefnum
	Já	Nei	Samtals	
Einhleypur karl	92	504	596	15%
Einhleyp kona	42	212	254	17%
Einstæður faðir	7	12	19	37%
Einstæð móðir	87	126	213	41%
Hjón/sambýlisfólk	1	15	16	
barnlaus				6%
Hjón/sambýlisfólk með börn	5	36	41	12%
Samtals	234	905	1.139	21%

Tafla 5: Fjöldi þátttakenda í átaksverkefnunum Karla- Kvennasmiðju, Grettistaki, IPS og TINNU miðað við 1. desember 2020

Átaksverkefni	Fjöldi þátttakenda
Grettistak	94
Karlasmiðja	7
Kvennasmiðja	7
IPS	19
TINNA	51

Tillaga 1:

Lagt er til að sett verði á laggirnar miðstöð „hjarta“ fyrir öll átaksverkefni auk Bataskólans, IPS og TINNU – „Virknihús“ – sem felur í sér samþætta einingu allra úrræða þar sem hægt verður að nýta styrkleika hvers úrræðis fyrir sig saman eða hvert fyrir sig allt eftir þörfum þátttakenda.

Að ein verkefnastjórn verði skipuð fyrir öll úrræðin sem sé með það hlutverk að hafa yfirsýn yfir starfseminu, sjái um inntöku og áframhaldandi þróun og skipulagningu úrræðanna.

Almenn skoðun fulltrúa í starfshópnum er að niðurstöðurnar endurspegli ákveðna nálgun sem þarf að vera heildstæð, nokkurs konar úrræðabanki – „**Virknihús**“ – ein eining þar sem skref eru tekin milli átaksverkefna á markvissan hátt. Fulltrúar í hópnum eru sammála um að það ætti að henta best að hafa öll úrræðin undir sama hatti. Það minnkar flækjustig og einfaldar utanumhald. Í könnun meðal starfsmanna úrræðanna kom m.a. fram að hægt væri að bæta umgjörð og skipulag með því að átaksverkefnin væru staðsett á sama stað með fast starfsfólki sem sinni þeim. Með miðlægri stjórnun átaksverkefna væri hægt að samnýta t.d. námskeið betur og gæta betur að samræmi í þjónustu við þátttakendur. Ef átaksverkefni færu undir sama hatt væri hægt að bjóða upp á fjölbreyttari úrræði fyrir einstaklinga þar sem það hentar ekki öllum að vera í hóp og að hópurinn fylgi sömu úrræðunum. Með því að setja öll átaksverkefnin undir sama hatt væri hægt að bæta enn frekar eftirfylgni.

Tillaga 2:

Lagt er til að sameina átaksverkefnin með einstaklingsmiðaðri nálgun þannig að þátttakendur geti nýtt sér úrræði þvert á átaksverkefnin með sveigjanlegri inntöku í námskeiðin. Námskeið verði samnýtt milli átaksverkefna og þátttakendur geti annars vegar valið um námskeið þvert á verkefnin og hins vegar haldið sig alfarið innan eins átaksverkefnis.

Að sveigjanleiki verði í tímalengd átaksverkefnanna og við inntöku í úrræðin. Staða hvers þátttakanda verði endurmetin á sex mánaða fresti m.t.t. árangurs. Undirbúningur fyrir þátttöku í verkefnum verði einstaklingsbundinn eftir þörfum/verkefnum með mismunandi áherslum s.s. Batanámskeið SÁÁ fyrir þá sem nota vímuefni.

Fjölbreytt fræðsla verði í boði, sameiginleg og brotin upp eftir þörfum einstaklinga/hópa. Í því tilliti verði bætt við stöðugildum sálfræðings og iðjuþjálfna í úrræðin til þess að sinna sérstaklega andlegum þáttum, færni og getu þátttakanda í átaksverkefnunum. Þátttaka í úrræðunum verði endurmetin á 6 mánaða fresti með möguleika á endurnýjun.

Þessar tillögur endurspeglar þau sjónarmið sem komið hafa fram hjá notendum úrræðanna en meðal þess sem notendur telja að myndi henta þeim betur væri að hafa meira val um hvaða námskeið væri hægt að taka, að geta tekið námskeið í öðrum átaksverkefnum og að hafa meira námskeiðaframboð. Í könnun meðal starfsmanna kom fram að ef starfsmenn úrræðanna héldu alveg utan um hvern þátttakanda væri að bæta umgjörð og skipulag.

Tillaga 3:

Lagt er til að einnig verði leitað til þriðja geirans og samið um að halda námskeið og/eða að þátttakendum verði veittur aðgangur að slíkum úrræðum. Þannig verði samið við Hugarafl um þjónustu við fólk geðrænar áskoranir og samstarf verði aukið við m.a. Hússtjórnarskólann, Námsflokka Reykjavíkur og Mími símenntun. Að auki verði samið við VIRK um aðgang að námskeiðum sem þar eru í boði sem og mögulegt samstarf við Hitt húsið og Fjölsmiðjuna. Einnig verði leitað leiða til að tengja starfsemi átaksverkefnanna við þjónustu Borgarbókasafna Reykjavíkurborgar. Í því samhengi má hugsa sér að auka þjónustu við fólk sem ekki talar íslensku.

Með þessu móti verður hægt að koma til móts við kröfur um fjölbreyttari námskeið og með því að leita til þriðja geirans verður hægt að tryggja framboð á námskeiðum sem nú eru ekki í boði innan átaksverkefnanna.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar hefur farsæla og góða reynslu af starfsemi átaksverkefnanna. Í breytilegu samfélagi þar sem þarfir einstaklinga eru í sífelldri þróun er talið nauðsynlegt að

ráðast í endurskipulagningu á úrræðum velferðarsviðs. Mikilvægt er að sofna ekki á verðinum, horfa til framtíðar og takast á við þær áskoranir sem þar felast. Með þessum tillögum er verið að leggja til að átaksverkefnið verði sveigjanlegri og auðveldara verði að vinna þau á einstaklingsmiðaðri hátt þannig að þau höfði til fjölbreyttari hóps. Með því að auka breidd í þjónustuframboði til notenda samhliða því að sníða úrræði út frá einstaklingsmiðuðum þörfum aukast líkurnar á því að ná árangri sem byggir á styrkleika hvers úrræðis. Til þess að ofangreindar tillögur verði að veruleika þarf að leggja áherslu á að innleiðingaferlið og að árangursmeta afrakstur breytinganna.

14. desember 2020

Heiða Björg Hilmissdóttir
formaður

Fylgiskjöl:

Niðurstöður könnunar teymis árangurs og gæðamats um upplifun þátttakenda.

Niðurstöður könnunar teymis árangurs og gæðamats meðal starfsmanna átaksverkefna velferðarsviðs.

Samantekt starfshóps um endurskoðun átaksverkefna 2016.

Númer skjals:	FMS-EBL-029
Skjalalykill:	02.01 Fjárhagsáætlun
Útgáfa:	1
Útgáfudags:	13.07.2018
Síðast rýnt / næst rýnt:	2018 / 2019
Ábyrgðarmaður:	Deildarstjóri áætlunar og greiningar

FMS-EBL-029 Jafnréttisskimun

Tilgangur jafnréttisskímunar:

Með jafnréttisskímun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskímunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsröðun um ráðstöfun fjármuna. Fáir tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif.

Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:

Dagsetning:	14. desember 2020
Svið:	Velferðarsvið
Unnið af:	Kristjana Gunnarsdóttir/ Bryndís Eva Sverrisdóttir
Verkefni/tillaga:	Velferðarráð samþykkir að fela velferðarsviði að undirbúa stofnun Virkniúss sem heldur utan um virkniúrræði á vegum sviðsins, þ.e. Kvennasmiðju, Karlasmíðju, Grettistak, Tinnu, IPS og Bataskólann. Virkniúsið hafi enn fremur yfirsýn yfir úrræði á vegum félagasamtaka eða þriðja geirans, s.s. Fjölsmiðjuna, Hugarafl og fleiri slík úrræði og haldi utan um tengsl og samninga við viðkomandi starfseiningar. Auk ráðningar teymisstjóra Virkniúss verði gert ráð fyrir stöðugildum iðjubjálfa og sálfræðings í húsinu. Enn fremur er lagt til að skipuð verði ein verkefnastjórn fyrir átaksverkefni sem hafi það hlutverk að hafa yfirsýn yfir starfsemina, sjái um inntöku og áframhaldandi þróun og skipulagningu úrræðanna. Virkniúsið heyrir undir skrifstofu ráðgjafar á undirbúningstímanum og í fyrsta fasa breytinga en framtíðarstaðsetning í skipuriti verði ákveðin samhliða breytingum á skipuriti velferðarsviðs í samræmi við mótun velferðarstefnu.
Þjónustubáttur:	Fjárhagsaðstoð
Stofnun/kostn.st.:	F1720
Fjárhæð:	Kostnaður við ráðningu teymisstjóra rúmast innan fjárhagsramma velferðarsviðs árið 2021 en kostnaði varðandi frekari þróun virkniúrræða verði vísað til sérstakrar afgreiðslu borgarráðs í tengslum við vinnumarkaðsaðgerðir Reykjavíkurborgar.
Annað:	

Jafnréttisskímun:

Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?
Markmið tillögunnar er undirbúa stofnun Virkniúss sem heldur utan um virkniúrræði á vegum sviðsins (TINNA, Grettistak, Kvennasmiðja, Karlasmíðja, IPS – Individual Placement and Support, Bataskólinn) og hafi yfirsýn og samstarf við önnur úrræði á vegum félagasamtaka eða þriðja geirans. Auk ráðningar teymisstjóra Virkniúss verði gert ráð fyrir stöðugildum iðjubjálfa og sálfræðings í húsinu.
Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.
Í tillögum starfshóps um endurhæfingarúrræði dags. 13. desember 2020 er áréttað að út frá lykiltölum sé mikilvægt að tryggja aðgengi að átaksverkefnum, óháð kyni og aldri en sérstaklega að huga að þeim einstaklingum sem eru með erlent ríkisfang og/eða eru flóttamenn. Í október 2020 er hlutfall flóttamanna um 24% þeirra sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu.
Hvaða hópa snertir tillagan?
Einstaklinga sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu samfleytt í sex mánuði og lengur og þarfnast stuðnings til aukinnar virkni.

Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og jaðarsetta hópa? Rökstyðjið.
Tillagan stuðlar að því að mæta betur þeim hópi notenda sem þurfa endurhæfingu til virkni, menntunar eða atvinnu. Í október 2020 voru 602 einstaklingar sem höfðu fengið fjárhagsaðstoð til framfærslu í 6 mán. eða lengur. Hlutfall karla er 62% og hlutfall einstaklinga með erlent ríkisfang er 33.8%. Afar sjaldgæft er að einstaklingar með erlent ríkisfang taki þátt í átaksverkefnum. Í dag má áætla að af þeim sem fengið hafa fengið fjárhagsaðstoð í 6 mánuði og lengur og taka þátt átaksverkefnum sé um 21%. Æskilegt væri að hækka það hlutfall.
Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?¹
Ekki er talið að þörf sé á jafnréttismati að svo stöddu þar sem starfshópurinn hafði jafnrétti að leiðarljósi við mótnun tillagna. Jafnrétti verður áfram haft að leiðarljósi við þróun og skipulag verkefnisins og í tengslum við þá vinnu þarf að jafnréttismeta úrræði Virkniúss.

¹ Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.

Átaksverkefni velferðarsviðs

Upplifun þátttakenda

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar

Teymi árangurs- og gæðamats

September 2020

Framkvæmd

- Teymi árangur- og gæðamats sá um framkvæmd og úrvinnslu könnunarinnar.
- Könnunin var send á samtals 282 þátttakendur 9. september 2020:
 - 25 IPS
 - 163 Grettistak
 - 17 karlasmiðja
 - 34 Kvennasmiðja
 - 54 Tinna
- Um var að ræða alla skráða þátttakendur í úrræðunum á árunum 2019 og 2020.
- 86 þátttakendur svöruðu, 30% svarhlutfall.

Niðurstöður

Gagnsemi úrræðanna

	Mjög/frekar gagnlegt		Hvorki né		Frekar/mjög ógagnlegt	
Grettistak	98%	51	2%	1		
Kvennasmiðjan	59%	7	25%	3	16%	2
Karlasmiðjan	75%	3	25%	1		
Tinna	75%	9	8%	1	17%	2
IPS (atvinnuráðgjöf og stuðningur)	50%	3	50%	3		

Fjöldi svarenda:

Grettistak: 52


Kvennasmiðjan: 12

Karlasmiðjan: 4


Tinna: 12

IPS: 6


Að hve miklu
leyti voru
úrræðin
gagnleg?



Hvert var
markmiðið
með þátttöku í
úrræðinu?
(Svarendur máttu
merkja við marga
valmöguleika)



Hvernig
upplifði þú
utanumhald á
meðan á
úrræðinu
stóð/stendur?




Hvernig hefði utanumhald mátt vera betra?

Hér svöruðu aðeins þeir sem sögðu í fyrri spurningu að utanumhaldið hefði verið frekar eða mjög slæmt.

- Meiri samskipti
- Auðveldara aðgengi að félagsráðgjafa
- Meira aðhald í Kvennasmiðjunni (fyrir utan í Námsflokkunum):
 - Ráðgjafar þurfa að vera duglegir að svara fyrirspurnum og vera betur upplýstir.
- Taka fastar á þeim sem eru ekki edrú í úrræðinu, þeim sem eru að vinna svarta vinnu og þeim sem eru eingöngu að sækjast eftir endurhæfingarlífeyri.

Hvernig
upplifði þú
eftirfylgni eftir
að úrræðinu
lauk?

40% svarenda sögðust hafa lokið átaks- og
endurhæfingarúrræði.



Eftirfylgni


Hér svöruðu aðeins þeir sem sögðu í fyrri spurningu að eftirfylgni hefði verið frekar eða mjög slæmt.

Hvernig hefði eftirfylgnin mátt vera betri?


- Hún hefur verið engin
- Vantar úrræði fyrir 40 ára og eldri

Upplifðir þú jákvæð
félagsleg samskipti
í gegnum þátttöku í
úrræðinu?

Eignaðist þú vini,
kunningja og/eða
upplifðir stuðning
frá öðrum
þátttakendum?



Hvernig úrræði myndu henta þér?
(svarendur máttu velja marga valmöguleika)



Ábendingar eða hugmyndir

- Svarendur voru beðnir um að koma með ábendingar eða frekari hugmyndir að því hvernig átaks- og endurhæfingarúrræðin gætu komið betur til móts við þá og þeirra þarfir.
- 12 þátttakendur komu með ábendingar.

Ábendingar eða hugmyndir

- Það vantar áfangaheimili fyrir karlmenn sem hafa náð langt í bata og eru til fyrirmyndar. Erfitt að vera umkringdur mönnum sem eru styttra komnir í bata. Einnig hafa margir ekki möguleika á að fara á leigumarkaðinn eða fjárfest í íbúð.
- Er útbrunninn á því að mistakast aftur og aftur. Upplýsingar virðast ekki berast á milli félagsráðgjafa.
- Meiri eftirfylgni og einstaklings miðuð endurhæfing myndi henta betur.
- Kynna AA samtökin betur fyrir þátttakendum.
- Meiri aðstoð við einstaklinga með ADHD. Upplýsa um námskeið sem eru í boði (Hringsjá). Margir með ADHD eru einnig fíklar og þurfa mikla aðstoð.

Ábendingar eða hugmyndir

- Mikilvægt að allir starfsmenn í TINNU viti hvernig eigi að taka á móti nýjum þátttakendum. Sjá til að viðkomandi sé bent á viðeigandi upplýsingaveitur.
- Námskeið í TINNU mættu vera haldin á ensku þar sem margir þátttakendanna tala ekki íslensku.
- Mætti gefa þátttakendum í TINNU tækifæri til að tjá sig um reynslu sína við aðra þátttakendur/starfsmenn (hópsamtal). Það mætti til dæmis vera með hópameðferð þar sem rætt er m.a. um kvíða, reiði, áfallastreituröskun, geðhvarfasýki, misnotkun lyfja/áfengis og framtíðarplön.

Ábendingar eða hugmyndir

- Aðgengi að sálfræðingum/geðlæknum- sálfræðikostnaður mætti vera niðurgreiddur hjá þátttakendum í Grettistaki.
- Fá stuðning og aðstoð við að komast aftur á vinnumarkaðinn eftir mörg ár á örorku vegna neyslu. Einhverskonar starfspjálfun eða tímabundna atvinnu. Grettistakið hentar best ungu ómenntuðu fólki sem á við námserfiðleika að stríða.
- Sérstakt úrræði fyrir konur á öllum aldri sem eru að fóta sig eftir meðferð.
- „Grettistakið bjargaði lífi mínu og þær sem vinna þar eru alltaf til staðar! Ég á ekki til orð yfir þakklætinu og hversu gott starf þær vinna. Mæli eindregið með því að starfið verði stækkað til þess að ná til fleiri fíkla!“

Átaksverkefni velferðarsviðs

Starfsmannakönnun

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar

Teymi árangurs- og gæðamats


September 2020

Framkvæmd

- Teymi árangur- og gæðamats sá um framkvæmd og úrvinnslu könnunarinnar.
- Könnunin var send á samtals 123 starfsmenn 9. september 2020:
 - Starfsmenn átaks- og endurhæfinga úrræðanna
 - Starfsmenn Námsflokka Reykjavíkur
 - Verktakar úrræðanna
 - Ráðgjafa á þjónustumiðstöðvum
- 71 starfsmenn svöruðu, 58% svarhlutfall.


Niðurstöður

Umgjörð og skipulag með þátttakendum



Umgjörð og skipulag með þátttakendum

(án þeirra sem svara veit ekki/vil ekki svara)



Hvernig er hægt að bæta umgjörð og skipulag með þátttakendum

26 svarendur komu með athugasemdir:

- Regluleg samskipti á milli ráðgjafa þátttakenda og starfsmanna úrræðanna.
- Bæta upplýsingaflæði/ráðgjöf til notenda.
- Meiri kröfur til þátttakenda er varðar mætingar og þátttöku.
- Minnka málafjölda á hvern félagsráðgjafa / fjölga starfsfólki.


Hvernig er hægt að bæta umgjörð og skipulag með þátttakendum

- Miðlæg stjórnun átaksverkefna. Þannig væri hægt að samnýta t.d. námskeið betur og gæta betur að samræmi í þjónustu við þátttakendur.
- Endurhæfingarúrræðin staðsett á sama stað með fast starfsfólki sem sinni þeim.
- Starfsmenn úrræðanna ættu að halda alveg utan um hvern þátttakanda.
- Aukið úrval af námskeiðum- t.d. námskeið er varða sjálfsöryggi og uppbyggingu.

Hvernig er hægt að bæta umgjörð og skipulag með þátttakendum


- Breyta mætingartímum í Karlasmiðjunni, á meðan þátttakendur eru að venjast því að vakna t.d. í undirbúningshópinn.
- Úrræðin mættu vera í samstarfi við sálfræðinga/geðlækna og aðra sem hafa reynslu af áfallavinnu og geðgreiningu. Oft þörf á slíku samhliða endurhæfingu.

Eftirfylgni eftir að úrræði lýkur



Eftirfylgni eftir að úrræði lýkur

(án þeirra sem svara veit
ekki/vil ekki svara)



Hvernig er hægt að bæta eftirfylgnina?

- **21 svarendur komu með athugasemdir:**
- Færri mál á hvern félagsráðgjafa/aukið svigrúm til að vinna mál.
- Eftirfylgd á forsendum hvers og eins.
- Sértek úrræði, eins og sálfræðiviðtöl, vinnu með heimilislækni eftir að einstaklingur lýkur endurhæfingu.
- Félagsráðgjafar taki meiri þátt þegar endurhæfingarúrræðunum fer að ljúka, veiti sérstakan stuðning til að fylgja eftir þeim árangri sem hefur náðst og aðstoði við næstu skref.


Hvernig er hægt að bæta eftirfylgnina?

- Markviss eftirfylgd frá viðkomandi úrræði þar sem einstaklingurinn þarf að mæta í eftirfylgd.
- Hafa sameiginlegan fund tímanlega með þátttakanda, starfsmanni úrræðisins og ráðgjafa þar sem sett er upp áætlun um næstu skref.
- Leggja áherslu á lágþröskuldapjónustu; gera fólki kleift að "droppa við" þegar þörf er á stuðningi.


Hvernig er hægt að bæta eftirfylgnina?

- Formgera eftirfylgdina- gera hana hluta af úrræðinu. Eftirfylgd ekki til staðar í öllum úrræðum.
- Fylgja notendum betur eftir sem hafa farið í gegnum úrræði í vinnu/nám (líkt og í IPS).
- Með því að setja öll átaksverkefnið undir sama hatt væri hægt að gera eftirfylgnina betri.

Að hvað miklu leyti
telur þú að
þátttakendur
upplifi jákvæð
samskipti? T.d.
eignis vini,
kunningja og/eða
upplifa stuðning frá
öðrum
þátttakendum?




Hvernig úrræði
telur þú að
myndi henta
þátttakendum?
(svarendur máttu
velja marga
valmöguleika)



Hvernig úrræði hentar?

Svör þátttakenda borin saman við svör starfsmanna



Ábendingar eða hugmyndir að þróun og nýsköpun

- Svarendur voru beðnir um ábendingar eða frekari hugmyndir að þróun og nýsköpun um hvernig átaks- og endurhæfingaúrræðin gætu komið betur til móts við þarfir þátttakenda.
- 29 svarendur komu með ábendingar eða hugmyndir
- Inni í sviga fyrir aftan ábendingar er fjöldi svarenda sem kom með sambærilega ábendingu/hugmynd.

Ábendingar eða hugmyndir að þróun og nýsköpun

Hvatning til virkni:

- Skapa störf sem eru eyrnamerkt vinnufærum einstaklingum á fjárhagsaðstoð.
- Samstarf við fyrirtæki og stefna á að fleiri þátttakendur ljúki þátttöku í úrræði með vinnusamninga.
- Hvatning til atvinnuþátttöku eða þátttöku í námi sem hjálpar til við að auka atvinnumöguleika þátttakenda.
- Undanþága frá skerðingu á fjárhagsaðstoð veitt þeim sem eru að koma úr átaksverkefnum/endurhæfingu. (2)

Ábendingar eða hugmyndir að þróun og nýsköpun

Einstaklingsmiðuð og sveigjanleg ráðgjöf:

- Gefa félagsráðgjöfum tækifæri til að vinna meira á dýptina í færri málum í senn.
- Fjölga starfsmönnum í úrræðunum til að ná betur utan um þarfir hvers og eins þátttakanda. (2)
- Einstaklingsmiðaðri endurhæfing, t.d. hvað varðarmætingarskyldu og lengd / skipulag endurhæfingarinnar. (3)
- Leggja meiri áherslu á vinnu með áföll og geðrænan vanda. (3)
- Úrræðin þurfa að vera fjölbreytt og valkvæð fyrir þátttakendur þannig að þeir hafi sem mestan atbeina að eigin vexti og bata.

Ábendingar eða hugmyndir að þróun og nýsköpun

Miðlæg þjónusta:

- Öll þjónusta og utanumhald endurhæfingar (t.d. ráðgjöf og gerð einstaklingsáætlana) fari fram á einni sameiginlegri endurhæfingarstöð fyrir öll átaksverkefni. (4)
- Ráðgjöf fari fram í úrræðunum sjálfum en ekki á þjónustumiðstöð.
- Ef átaksverkefni færu undir sama hatt væri hægt að bjóða upp á fjölbreyttari úrræði fyrir einstaklinga. Hentar ekki öllum að vera í hóp og að hópurinn fylgi sömu úrræðunum.
- Samnýta námskeið átaksverkefna; þannig hafa þátttakendur meira val um námskeið/fræðslu. (4)
- Setja öll átaksverkefni undir sama hatt- þannig er þátttakendum ekki mismunað eftir því hvaða úrræði þeir taka þátt í.

Ábendingar eða hugmyndir að þróun og nýsköpun

Aðrar ábendingar:

- Úrræði eins og Tinna eiga ekki að vera rekin sem sér úrræði heldur fremur sem verklag í öllum þjónustumiðstöðvum borgarinnar.
- Þátttakendur í úrræðunum eða á bið eftir úrræðum eiga að vera í forgang með að komast í búsetu. Erfitt að sinna endurhæfingu þegar þátttakendur búa ekki við öruggar búsetuaðstæður.
- Þróa eftirfylgd eftir útskrift.
- Sér úrræði fyrir innflytjendur og flóttafólk. Takmörkuð úrræði í boði fyrir hópinn og mikilvægt að efla notendur af erlendum uppruna og auka virkni þeirra. (3)
- Endurhæfingarúrræði fyrir ungt fólk 18-25 ára sem er vanvirkt og hvorki í skóla né í vinnu.
- Grípa einstaklinga um leið og þeir leita eftir fjárhagsaðstoð.
- Virkja þátttakendur í notendasamráð um þróun úrræðanna.

samantekt um átaksverkefni á vegum velferðarsviðs Reykjavíkurborgar

Átaksverkefni á vegum velferðarsviðs hafa verið starfrækt frá árinu 2001 og hafa Grettistak og Kvennasmiðja verið rekin samfellt síðan. Karlasmíðja var sett á laggirnar nokkru seinna og hefur verið starfrækt með hléum.

Markhópur átaksverkefnanna eru notendur með langavarandi félagslega erfiðleika, sem hafa verið utan vinnumarkaðar í lengri tíma og/eða eru með brotna eða litla skólagöngu. Nokkur áherslumunur er á verkefnum.

Í upphafi var um að ræða samstarfsverkefni milli Tryggingastofnunar ríkisins (TR) og velferðarsviðs, þar sem fulltrúar TR áttu fulltrúa í stýrihópum og komu þannig að inntöku og innihaldi starfsins. Eftir að lögum um endurhæfingu og lífeyri var breytt fór TR úr stýrihópum þátttakendur í átaksverkefnunum fá eftir sem áður endurhæfingarlífeyri frá TR. að uppfylltum skilyrðum þar að lútandi.

Verkefnin sem um ræðir eru Grettistak, Karlasmíðja og Kvennasmiðja

- Markmið:
 - auka lífsgæði fólks og aðstoð við að komast í virkni, út á vinnumarkaðinn eða í nám
- Markhópur:
 - einstaklingar sem hefur verið lengi utan vinnumarkaðar með litla eða brotna skóla- og/eða atvinnusögu, eru á aldrinum 18 – 55 ára, hefur fengið fjárhagsaðstoð til framfærslu í lengri tíma og glímt við félagslega erfiðleika
- Endurhæfingartímabilið:
 - er 18 mánuðir fyrir utan undirbúningstímabil sem stendur yfir í 6 -8 vikur. Auk þess er Grettistak með eftirfylgdarþrógram Unnið er bæði í hópum og einstaklingsmiðað
 - þátttakendur fá greiddan endurhæfingarlífeyri frá TR meðan á endurhæfingu stendur
 - náð samstarf starfsmanna í úrræðunum er við ráðgjafa á þjónustumiðstöðvum sem einnig eru tilvísunaraðilar og fylgja eftirþátttakendum

Grettistak:

- er ætlað þeim sem hafa glímt við fíknivanda en hafa lokið meðferð, eru eldri en 18 ára og hafa vilja og löngun til að lifa án vímuefna

Karlasmiðja:

- er ætlað körlum á aldrinum 25 – 55 ára, sem hafa þörf og löngun til að bæta lífsgæði sín með þátttöku í námi, hópastarfi , einstaklingsvinnu og starfskynningum

Kvennasmiðja:

- er ætluð mæðrum með börn á framfæri á aldrinum 25 – 45 sem hafa vilja og þörf fyrir að takast á við að breyta aðstæðum sínum og bæta félagslega stöðu sína

Átaksverkefnin eru byggð upp á svipaðan hátt, þ.e. stýrihópur skipaður fulltrúum allra þjónustumiðstöðva og starfsmönnum verkefnanna auk fulltrúa frá skrifstofu ráðgjafapjónustu. Nokkur áherslumunur er milli verkefna þar sem Grettistak er með áherslu á bata og virkni eftir meðferð vegna langvarandi áfengis- og vímuefnavanda. Áherslur Kvennasmiðju er mæður sem eru með börn á framfæri. Karlasmiðja er fyrir karlmenn sem hafa verið lengi utan vinnumarkaðar og eru með litla eða brotna skólagöngu.

Í öllum verkefnum er undirbúningshópur/námskeið sem þátttakendur þurfa að hafa tekið þátt í áður en til eiginlegrar endurhæfingar kemur. Á undirbúningstíma er hægt er að meta betur áhuga og getu til þátttöku í endurhæfingarverkefninu, sem öllu jöfnu er 18 mánuðir og notendur með endurhæfingarlífeyri frá TR meðan á þátttöku stendur. ASEBA matslistar skulu lagðir fyrir notendur sem hluta af inntökuferlinu og við mat á árangri.

Átaksverkefnin eru rekin með fjármagni velferðarsviðs af bundnum lið, með aðkomu og samningum við aðra aðila sem eru með fræðslu og beina aðkomu að verkefninu. Allir þátttakendur eru í viðtölum hjá ráðgjafa á þjónustumiðstöðvum, auk þess sem sumir þurfa sérfræðiviðtöl við aðra fagaðila s.s. sálfræðinga. Gerð er krafa um mætingufyrir hádegi alla virka daga og gert ráð fyrir að þátttakendur skuldbindi til að mæta með eðlilegum frávikum.

Stýrihópur heldur utan um hvert verkefni í heild hvað varðar t.d. hvaða þætti skal leggja áherslu á hverju sinni, fer yfir mætingar og virkni ofl. sem tengist verkefninu. Stýrihópur tekur ákvörðun um inntöku og ef vísa þarf notenda frá af einhverjum ástæðum. Átaksverkefnin eru öll metin reglulega af teymi árangurs og gæðamats á velferðasviði, auk þess sem nokkur háskólaverkefni hafa verið unnin, sem hægt verið að styðjast við m.t.t. þróunar ofl.

Grettistak

Nú eru starfandi 3 hópar í Grettistaki en hópur 28 er í undirbúningstímabili, tekið er inn í Grettistak tvisvar á ári.

Grettistak	Hófu þátttöku	Fjöldi sem byrjaði	Fjöldi sem lauk/útskrifast	Lokadagsetning
Hópur 24	01.04.2018	23	15	Lauk 30.11.2019
Hópur 25	15.09.2018	30	23	Ljúka vorið 2020
Hópur 26	18.03.2019	40	24	Ljúka 2020/2021

Hópur 27	16.09.2019	35	26	Ljúka vorið 2021
Samtals		128	88	

Í Grettistaki eru 2,5 stöðugildi, og fjórir starfsmenn, þar af hópstjóri í 100% starfi, náms- og starfsráðgjafi í 70 % starfi og tveir ráðgjafar í 40% hvor. Allir starfsmenn vinna með hóp og sinna stuðning við þátttakendur, en námskeið og fræðsla er auk þess keypt sem hluti af endurhæfingu, bæði kennarar sem koma en einnig fara hópar til SÁÁ, í Hring sjá, líkamsrækt ofl.

Brautin er áfangheimili fyrir karlmenn er tengt Grettistaki á þann hátt að þeir sem þar búa eru allir í Grettistaki sem er forsenda fyrir búsetu þar. Þar er pláss fyrir 11 manns. Stuðningur við þann hóp og tengsl milli Brautarinnar og Grettistaks er töluverð og mikilvægur hlekkur í endurhæfingunni. Starfsmaður á Brautinni, kemur auk fastra starfsmanna inn í hópastarf hjá Grettistaki og fleiri tilfallandi verkefni eftir nánara samkomulagi.

Karlasmiðja

Í Karlasmiðju er tekið inn nýjan hóp á 12 – 18 mánaða fresti, fækkun hefur verið á tilvísunum í þetta úrræði undanfarin ár.

Karlasmiðja	Hófu þátttöku	Þátttaka í verkefninu	Fjöldi sem lauk	Lokadagsetning
Hópur 9	01.10.2016	9	6	26.06.2018
Hópur 10	04.01.2018	9	8	21.06.2019
Hópur 11	01.09.2019	9	*	
Samtals				

*8 þátttakendur í apríl 2020

Hópstjóri í 30% starfi er með utnumhald og hópstjórn, auk þess sem náðið samstarf er við Námsflokka Reykjavíkur um kennslu og náms- og starfsráðgjöf fyrir hópinn. Fleiri námskeið og fræðsla s.s. fjármálanámskeið, sjálfstyrkingarnámskeið, líkamsrækt o.fl. er hluti af úrræðinu, lögð er áhersla á mæta þörfum og getu hósins hverju sinni.

Kvennasmiðja

Þróunin í Kvennasmiðju hefur einnig verið í þá átt að fækkun hefur orðið á tilvísunum í úrræðið, áður var tekið inn í nýjan hóp tvisvar á ári. Tekið er inn í hópa Kvennasmiðju einu sinni á ári, því skarast tveir hópar árlega

Kvennasmiðja	Hófu þátttöku	Fjöldi sem byrjaði	Fjöldi sem lýkur/lauk	Lokadagsetning
Hópur 20	02.01.2017	13	10	30.06.2018
Hópur 21	01.01.2018	15	9	30.06.2019
Hópur 22	01.01.2019	14	7 *1	30.06.2020
Hópur 23	01.01.2020	9	9 *2	30.06.2021

* 1 virkir þátttakendur í apríl 2020

* 2 virkir þátttakendur í apríl 2020

Hópstjóri í 10% starfshlutfalli heldur utan um mætingar, skráningar oph., en náíð samstarf er við Námsflokka Reykjavíkur og Hússtjórnarskólann í Reykjavík. Einnig er boðið er upp á PMTO foreldafærninámskeið, auk þess sem starfræktur er sérstakur sumarskóli/námskeið. Stýrihópurinn skiptir með sér verkum hvað varðar einstaka þætti starfseminnar

Í september 2016 var hópi starfsmanna falið að endurskoða fyrirkomulag átaksverkefna og hér verður leitast við taka saman helstu niðurstöður þess hóps.

Átaksverkefnin eru að mörgu leyti áþekk, en áherslumunur er þó milli verkefna m.t.t. þess markhóps sem um ræðir.

Hópurinn kynnti sér sambærilega starfsemi annars staðar; s.s Starfsendurhæfingu Hafnarfjarðar sem rekin er fyrir sambærilegan markhóp. Þar er starfsemin öll á einum stað, boðið er upp á fjölpætt verkefni, fræðslu, námskeið ofl. fyrir hádegi, auk þess sem unnið er með hvern og einn einstaklingsmiðað. Þar er einnig keypt þjónusta sérfræðinga eftir þörfum hópsins. Tekið er inn í hópá þrisvar á ári og fer fólk á þau námskeið eða í þá vinnu sem hverjum og einum hentar.

Einnig fékk hópurinn kynningu á Bataskólanum sem var að fara af stað um þessar mundir og ræddi mögulegt samstarf um einstaka þætti endurhæfingarinnar.

Hópurinn fékk kynningu á Janus – endurhæfingu sem eingöngu tekur við tilvísunum frá VIRK, en þar er fólk í endurhæfingu sem hefur átt við heilsubrest að stríða.

Hópurinn fékk kynningu á starfsemi í Noregi, þar er lögð mikil áhersla á utnumhald og eftirfylgni með einstaklingum til lengri tíma (Stavne) www.trondheim.kommune.no/stavne

Notendarhópurinn sem um ræðir hefur mismunandi þjónustubarfir, en allir eiga sögu um félagslega erfiða stöðu, litla og oft brotna skólagöngu að baki, hafa verið utan vinnumarkaðar til lengri tíma og eiga oft stopula vinnusögu og eiga oft ekki rétt til bóta hjá Vinnusmálastofnun eða hafa fullnýtt hann.

Þó átaksverkefnin hafi þróast gegnum árin í anda þeirra þjóðfélagsbreytinga sem átt hafa sér stað hefur umgjörðin verið svipuð, þ.e. 18 mánaða endurhæfing að jafnaði og skipting eftir kynjum hvað varðar Karla- og Kvennasmiðju en Grettistakið með blandaðan hóp m.t.t. kynjaskiptingar. Allir hópar fá undirbúningsnámskeið, þó með mismunandi hætti. Það hefur sýnt sig að sá tími er mikilvægur hvað varðar heldni í hópnum í framhaldinu, auk þess sem þar fer fram ákveðin sía þar sem kemur í ljós á þeim tíma að viðkomandi þarf annar konar þjónustu. Undirbúningsstíminn er ólíkur eftir verkefnum, hvað varða innihald og tímalengd.

Undanfarn ár hafa ýmis úrræði staðið notendum til boða sem ekki var áður, sum komu í kjölfar efnahagshrunsins 2008, önnur hafa verið lengur en verið endurskoðuð. Samstarf við Vinnusmálastofnun hefur breyst gegnum tíðina og Virk – starfsendurhæfing er komin til sögunnar. Dregið hefur úr fjölda tilvísanna frá ráðgjöfum í átaksverkefni, nema í Grettistak sem hefur orðið í mörgum tilfellum hluti af þeirri áfengis/vímuefnaðferð sem viðkomandi er að ljúka hjá SÁÁ og víðar. Fjöldi tilvísanna í Grettistak hefur verið mikill undanfarið, viðhorf bæði samstarfsaðila og notenda til úrræðisins er jákvætt og Grettistakið hefur náð að skipa sér ákveðinn sess.

Endurskoðun allra átaksverkefna

Í fyrrgreindum hóp um endurskoðun átaksverkefna 2016 komu ýmsar hugmyndir fram sem vert er að taka mið af. Til að hægt sé að hefja heildarendurskoðun þarf að skoða alla þætti m.t.t. markhópsins, árangurs, fjölda, starfsmannahalds, innihalds, tímalengdar ofl.

Það er mikilvægt að skilgreina hópinn og gera þarfagreiningu þar að lútandi, m.a. í ljósi þess að tilvísunum hefur fækkað í sum úrræði og aukning í önnur.

Almennt hefur úrræðum fjölgað sem notendum stendur til boða, breytingar hafa orðið í þjófþélaginu. Innan velferðarsviðs hafa verið sett á laggirnar önnur úrræði sem mæta að hluta til þeim hóp sem átaksverkefnum ná til. Vandí þess hóps sem hefur tekið þátt í átaksverkefnum á vegum velferðarsviðs er oft samsettur og flókinn og þarf því þjónustan vera einstaklingsbundin, sveigjanleg og heildstæð.

Önnur úrræði sem nú eru rekin á vegum velferðarsviðs sem geta nýst sama sama markhópi er Bataskólinn og IPS og Tinna.

Bataskólinn:

Nám í Bataskólanum er ætlað fólki, 18 ára og eldri, með geðrænar áskoranir, aðstandendum þeirra og starfsfólki á heilbrigðis- og velferðarsviði. Bataskólinn býður upp á úrval af skemmtilegum og fjölbreytilegum námskeiðum, samin af og flutt af fólki með fjölbreytilegan bakgrunn sem á það þó sameiginlegt að hafa brennandi áhuga á námsefninu. Engin próf eru í skólanum og einu kröfurnar sem gerðar eru til nemenda er jákvætt viðhorf og virðing fyrir starfsfólki og samnemendum.

IPS (Individual Placement and Support)

Starfsendurhæfing fyrir fólk sem hefur ekki verið lengi á vinnumarkaðnum af ýmsum ástæðum og þarf stuðning til að komast þangað. Velferðarsvið er að innleiða þessa aðferð fyrir þá sem hafa verið með fjárhagsaðstoð til framfærslu og þeirra sem hafa tekið þátt í átaksverkefnum. Markmiðið er að fólki bjóðist störf og fái til þess stuðning og eftirfylgd frá atvinnuráðgjafa og vinnuveitanda.

Tinna:

Verkefni Tinnu er að veita einstæðum foreldrum sem eru með langvarandi félagslegan vanda og börnum þeirra heildstæða þjónustu. Meginmarkmið með Tinnu verkefninu er að bjóða upp á fjölbætta þverfaglega þjónustu ólíkra aðila innan velferðar-, heilbrigðis-, og menntakerfis auk virkni og atvinnumiðlunar með áherslu á að rjúfa félagslegan arf fátæktar.

Mikilvægt er að velferðarsvið geti veitt hópnum sem ekki fær þjónustu annars staðar, þjónustu við hæfi og hún sé sniðin að þörfum og getu hvers og eins. Skoða þarf hvort hagræðing og betri nýting fengist með breyttu fyrirkomulagi og samstarfi.

Í hópnum um endurskoðun átaksverkefna 2016 kom fram sú hugmynd að sameina verkefnum frekar og hafa meiri skörun en áður hafði verið með það að leiðarljósi að ná fram betri samnýtingu, aukinum gæðum og mögulegri hagræðingu.

Átaks- og virknistöð

- Eitt hús/ miðstöð „hjarta“ fyrir öll átaksverkefnum auk Bataskólans, IPS og Tinnu.
- Einn stýrihópur með yfirsýn yfir öll úrræðin og þróun þeirra en auk þess yrðu starfandi fag- og bakhópar
- Aukinn fjöldi stöðugilda sem gætu leitt hópa, veitt fræðslu, unnið með einstaklinga m.a. sálfræðingur í fullt starf, iðjuþjálfar ofl.
- Undirbúningur verði fyrir þátttöku í verkefnum verði einstaklingsbundinn eftir þörfum/verkefnum með mismunandi áherslum s.s. Batanámskeið SÁÁ fyrir þá sem hafa glímt við fíknivanda

- Fjölbreytt fræðsla verði í boði, sameiginleg og brotin upp eftir þörfum einstaklinga/hópa
- Fjölbreytt virkni verði í úrræðunum sjálfum, með þátttöku í öðrum úrræðum, IPS, sjálfboðaliðavinna ofl.
- Hópastarf fyrir smærri hópa eftir þörfum og styttri námskeið
- Sérhæfð námskeið, vinna og samningar við aðra

Bjargir sem þegar eru til staðar og hægt er að nýta með markvissum hætti eru m.a.:

- PMTO – námskeið og meðferðarvinna
- Hússtjórnarskólinn í Reykjavík
- Líkamsrækt
- Fjármálanámskeið
- Kvíðanámskeið
- Námflokkar Reykjavíkur – ýmis námskeið
- Fjölsmiðjan
- Hringsjá
- Verkefni innan þjónustumiðstöðva s.s. Heilsuorkan og Karlakraftur
- Þjónustu- og samstarfssamningar við aðra aðila
- Aðrar bjargir .

Áætlaður kostnaður vegna átaks- og endurhæfingarverkefna 2020 er eftirfarandi:

Áætlað fjármagn á F1720 (átaksverkefnin) til ráðstöfunar er 104.868.865 kr., þar af er áætlað fyrir Fjölsmiðjuna ca. 55.000.000 kr.*

*Samningur er í gildi um aðkomu Reykjavíkurborgar að rekstri Fjölsmiðjunnar, sem er sambærilegur milli ára.

Því er til ráðstöfunar í átaks- og endurhæfingarverkefnin ca. 50.000.000 kr. auk launakostnaðar sem áætlað er í verkefnin 22,8 m.kr. sem skiptist með eftirfarandi hætti:

Verkefni	Stöðugildi	Kostnaður
Grettistak	2,5 %	20.000.000
Karlasmiðja	0,30%	2.100.000
Kvennasmiðja	0,10%	700.000

Önnur verkefni sem tengjast að mörgu leyti sama markhóp og þeim sem fá þjónustu í átaksverkefnunum er Tinna, Bataskólinn og IPS - starfsendurhæfingarverkefni. Með því að skoða þessi verkefni öll í samhengi má mögulega skoða betri nýtingu úrræða og mögulega hagræðingu.

Gróflega áætlað til ráðstöfunar 2020 *

*að frádregnu áætluðu fjármagni til Fjölsmiðjunnar

Grettistak, Karla- og Kvennasmiðja (aðkeypt vinna og rekstur)	50.000.000
Launakostnaður 2,9 stg. (átaksverkefni)	22.800.000
Tinna (laun og rekstur 3,5 stg)	25.000.000
Bataskólinn (laun og rekstur 1 stg.)	15.000.000
IPS starfsendurhæfing 1,5 stg. (laun)	13.000.000
Samtals	125.800.000

Samantekt og tillögur

Lagt er til að farið verði í heildarendurskoðun á fyrirkomulagi átaksverkefna. Fyrir liggja ýmis gögn, bæði notendakannanir, úttektir, háskólaverkefni ofl. sem mikilvægt er að rýna auk þess sem nauðsynlegt er að gera þarfagreiningu miðað við stöðuna eins og hún er í dag. Þeir starfsmenn sem til þekkja innan velferðarsviðs eru mikilvægur hlekkur í upplýsingagjöf, og geta miðlað af reynslu sinni ofl. Margir starfsmenn eru tengdir inn í einstök úrræði og mikilvægt er að nýta reynslu þeirra sem og ráðgjafa en jafnframt að skoða nýjar leiðir.

Lagt er til að ráðinn verði utankomandi aðili sem getur rýnt gögn sem fyrir liggja, skoðað og metið reynslu undanfarinna ára, átt samtöl við starfsmenn sem hafa komið að þessum verkefnum og lagt fram hugmyndir að nýjungum ásamt tillögu að samnýtingu úrræða með það fyrir augum að bæta gæði þjónustunnar. .

Í framhaldi af greiningu og tillögugerð verði gerðar breytingar í samræmi við þá endurskoðun. Á grundvelli greininga verði aukið fjármagn sett í verkefnin sé þess þörf, til að hægt sé að gera þau öflugri og ná til þess hóps sem helst er í þörf fyrir aukinnar þátttöku og virkni. Átaksverkefnin hafa verið á bundnum lið, mikilvægt að skoða það sérstaklega, kosti og galla. Þegar átaksverkefnin voru sett á laggirnar var hugmyndafræðin að það fjármagn sem annars færi til greiðslu framfærslu yrði sett í verkefni til uppbyggingar og endurhæfingar en notendur fengju endurhæfingarlífeyri hjá TR meðan.

F.h. starfshópsins apríl 2020

Stefanía Sörheller, verkefnastjóri